Barnaverndarstofa

# Samanburður á barnaverndarmálum á fyrstu sex mánuðum áranna 2008 og 2009

**september 2009**

# Fjölgun tilkynninga í barnaverndarmálum

Þegar fyrstu sex mánuðir áranna 2008 og 2009 eru bornir saman kemur í ljós að tilkynningum hefur fjölgað úr 3.962 í 4.737. Fjölgunin milli ára er tæplega 20%.

Fyrstu 6 mánuði ársins 2009 eru flestar tilkynningar vegna áhættuhegðunar barna eða 46,9% allra tilkynninga. Alls eru 33,8% tilkynninga vegna vanrækslu á börnum, 19% vegna ofbeldis gegn börnum og 0,3% vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu. Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Fyrstu sex mánuði ársins 2009 er 421 tilkynning þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kemur að foreldrar eru í áfengis-og eða fíkniefnaneyslu. Það er tæplega 9% af heildarfjölda tilkynninga. Í tilkynningum um ofbeldi kemur fram að í 134 tilvikum er um heimilisofbeldi að ræða, eða tæplega 3% af heildarfjölda tilkynninga til nefndanna.

Tilkynnt var um 3.955 börn á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 en sambærileg tala í fyrra var 3.412 . Tilkynnt hefur því verið um tæplega 16% fleiri börn á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 en 2008. Ekki hafa áður borist tilkynningar um jafn mörg börn til barnaverndarnefnda landsins á hliðstæðu tímabili frá því að sískráning barnaverndarmála hófst.

Umsóknum um meðferðarheimili hefur fjölgað á þessu tímabili. Umsóknir voru 78 á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 en í fyrra voru þær 68 á sama tímabili. Umsóknir um langtímameðferð standa nánast í stað á milli ára (fækkaði um eina), en fjölgun varð í umsóknum um greiningarmeðferð Stuðla og lítillega í vímuefnameðferð Götusmiðjunnar.
Rúmlega 78% umsókna voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur, en tæplega 22% umsókna frá nefndum á landsbyggðinni. Umsóknum um meðferð hefur fækkað frá nefndum á landsbyggðinni, en fjölgað frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur miðað við fyrstu 6 mánuði ársins 2008. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur og meðalaldur barnanna hefur lækkað og er nú rúmlega 15 ár.

Á neyðarvistun Stuðla voru fyrstu sex mánuði ársins 2009 131 vistun, en vistunardagar samtals 804. Fyrstu mánuði ársins 2008 var ekki hægt að fullnýta neyðarvistun vegna bruna sem þar hafði átt sér stað. Raunhæfast er því að bera saman við árið 2007, en fyrstu sex mánuði þess árs voru fjöldi vistana 118, en vistunardagar 678. Fjöldi einstaklinga fyrstu 6 mánuði ársins 2009

voru 69, en 65 fyrir sama tímabil árið 2007. Fjöldi vistana og fjöldi vistunardaga fyrstu 6 mánuði ársins 2009 er því nokkru meiri en áður hefur verið mest í neyðarvistun.

Alls bárust 28 umsóknir um MST fyrstu 6 mánuði ársins 2009. Rúmlega 70% barnanna sem sótt var um fyrir voru drengir og meðaldur barnanna rúmlega 14 ár.
Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 45 í 55 á umræddu tímabili. Fjölgunin stafar af fleiri umsóknum um tímabundið fóstur. Drengir eru í meirihluta þeirra barna sem sótt er um fóstur fyrir og er meðalaldur barnanna 13 ár.
Umsóknum fólks sem óskar eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði og voru umsóknir 32 á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 en voru 25 fyrstu sex mánuði ársins 2008.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 1805 | 45,6 | 2.262 | 47,8 |
| Seltjarnarnes | 47 | 1,2 | 30 | 0,6 |
| Kópavogur | 309 | 7,8 | 394 | 8,3 |
| Garðabær | 70 | 1,8 | 70 | 1,5 |
| Hafnarfjörður | 300 | 7,6 | 345 | 7,3 |
| Álftanes | 30 | 0,8 | 43 | 0,9 |
| Reykjanesbær | 271 | 6,8 | 282 | 6,0 |
| Grindavík | 25 | 0,6 | 46 | 1,0 |
| Sandgerði | 101 | 2,5 | 121 | 2,6 |
| Mosfellsbær | 131 | 3,3 | 173 | 3,7 |
| Akranes | 82 | 2,1 | 94 | 2,0 |
| Borgarfjarðar og Dala | 8 | 0,2 | 28 | 0,6 |
| Snæfellinga | 22 | 0,6 | 26 | 0,5 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 85 | 2,1 | 72 | 1,5 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 11 | 0,3 | 7 | 0,1 |
| Húnaþing vestra | 11 | 0,3 | 18 | 0,4 |
| A-Hún | 9 | 0,2 | 7 | 0,1 |
| Skagafjörður | 16 | 0,4 | 45 | 0,9 |
| Útey | 35 | 0,9 | 50 | 1,1 |
| Eyjafjörður | 129 | 3,3 | 170 | 3,6 |
| Grímsey | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Þingeyingar | 53 | 1,3 | 62 | 1,3 |
| Fljótsdalshérað | 36 | 0,9 | 42 | 0,9 |
| Fjarðabyggð | 67 | 1,7 | 39 | 0,8 |
| Hornafjörður | 9 | 0,2 | 20 | 0,4 |
| Árborg | 81 | 2,0 | 95 | 2,0 |
| Uppsveitir Árnessýslu | 29 | 0,7 | 24 | 0,5 |
| Hveragerði | 16 | 0,4 | 18 | 0,4 |
| Ölfus | 10 | 0,3 | 3 | 0,1 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 43 | 1,1 | 26 | 0,5 |
| Vestmannaeyjar | 121 | 3,1 | 125 | 2,6 |
| **Samtals** | **3.962** | **100,0** | **4.737** | **100,0** |

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | **Fyrstu 6 mán 2008** | | **Fyrstu 6 mán 2009** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði | 2.692 | 67,9 | 3.317 | 70,0 |
| Landsbyggð | 1.270 | 32,1 | 1.420 | 30,0 |
| **Samtals** | **3.962** | **100,0** | **4.737** | **100,0** |

## Fjöldi barna sem tilkynnt er um*

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 1.461 | 42,8 | 1.727 | 43,7 |
| Seltjarnarnes | 39 | 1,1 | 22 | 0,6 |
| Kópavogur | 270 | 7,9 | 332 | 8,4 |
| Garðabær | 68 | 2,0 | 67 | 1,7 |
| Hafnarfjörður | 264 | 7,7 | 310 | 7,8 |
| Álftanes | 21 | 0,6 | 36 | 0,9 |
| Reykjanesbær | 236 | 6,9 | 237 | 6,0 |
| Grindavík | 25 | 0,7 | 44 | 1,1 |
| Sandgerði | 97 | 2,8 | 121 | 3,1 |
| Mosfellsbær | 122 | 3,6 | 173 | 4,4 |
| Akranes | 79 | 2,3 | 83 | 2,1 |
| Borgarfjarðar og Dala | 8 | 0,2 | 27 | 0,7 |
| Snæfellinga | 18 | 0,5 | 25 | 0,6 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 71 | 2,1 | 70 | 1,8 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 11 | 0,3 | 7 | 0,2 |
| Húnaþing vestra | 11 | 0,3 | 18 | 0,5 |
| A-Hún | 9 | 0,3 | 7 | 0,2 |
| Skagafjörður | 13 | 0,4 | 44 | 1,1 |
| Útey | 35 | 1,0 | 45 | 1,1 |
| Eyjafjörður | 119 | 3,5 | 135 | 3,4 |
| Grímsey | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Þingeyingar | 50 | 1,5 | 60 | 1,5 |
| Fljótsdalshérað | 34 | 1,0 | 37 | 0,9 |
| Fjarðabyggð | 66 | 1,9 | 38 | 1,0 |
| Hornafjörður | 9 | 0,3 | 19 | 0,5 |
| Árborg | 80 | 2,3 | 94 | 2,4 |
| Uppsveitir Árnessýslu | 28 | 0,8 | 18 | 0,5 |
| Hveragerði | 14 | 0,4 | 18 | 0,5 |
| Ölfus | 10 | 0,3 | 3 | 0,1 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 43 | 1,3 | 24 | 0,6 |
| Vestmannaeyjar | 101 | 3,0 | 114 | 2,9 |
| **Samtals** | **3.412** | **100,0** | **3.955** | **100,0** |

* Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna sem tilkynnt er um eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði | 2.245 | 65,8 | 2.667 | 67,4 |
| Landsbyggð | 1.167 | 34,2 | 1.288 | 32,6 |
| **Samtals** | **3.412** | **100,0** | **3.955** | **100,0** |

## Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

| | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| | 1485 | 43,5 | 1886 | 47,7 |

***Hlutfall af fjölda barna sem tilkynnt var um**

## Ástæður tilkynninga*

| Ástæður tilkynninga | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **1.114** | **28,1** | **1.602** | **33,8** |
| Líkamleg vanræksla | 57 | 1,4 | 56 | 1,2 |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 925 | 23,3 | 1.287 | 27,2 |
| *Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | | | 421 | 8,9 |
| Vanræksla varðandi nám | 49 | 1,2 | 63 | 1,3 |
| Tilfinningaleg vanræksla | 126 | 3,2 | 210 | 4,4 |
| | | | | |
| **Ofbeldi** | **774** | **19,5** | **901** | **19,0** |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 268 | 6,8 | 351 | 7,4 |
| *þar af heimilisofbeldi | | | 134 | 2,8 |
| Líkamlegt ofbeldi | 257 | 6,5 | 301 | 6,4 |
| Kynferðislegt ofbeldi | 257 | 6,5 | 257 | 5,4 |
| | | | | |
| **Áhættuhegðun** | **2.038** | **51,4** | **2.220** | **46,9** |
| Neysla barns á vímuefnum | 269 | 6,8 | 301 | 6,4 |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 455 | 11,5 | 599 | 12,6 |
| Afbrot barns | 1032 | 26,0 | 999 | 21,1 |
| Barn beitir ofbeldi | 161 | 4,1 | 201 | 4,2 |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 138 | 3,5 | 155 | 3,3 |
| | | | | |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **36** | **0,9** | **14** | **0,3** |
| | | | | |
| **Tilkynningar alls** | **3.962** | **100,0** | **4.737** | **100,0** |
| | | | | |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu** | **53** | | **91** | |

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Fyrst var spurt um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009

## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 19 | 0,5 | 25 | 0,5 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 196 | 4,9 | 221 | 4,7 |
| Nágrannar | 261 | 6,6 | 357 | 7,5 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 71 | 1,8 | 92 | 1,9 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 82 | 2,1 | 92 | 1,9 |
| Lögregla | 2.166 | 54,7 | 2.364 | 50,0 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 403 | 10,2 | 548 | 11,6 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 51 | 1,3 | 107 | 2,3 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 243 | 6,1 | 280 | 5,9 |
| Foreldrar barns | 289 | 7,3 | 441 | 9,3 |
| Aðrir | 181 | 4,6 | 210 | 4,4 |
| **Samtals** | **3.962** | **100,0** | **4.737** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 27 | 39,7 | 36 | 46,1 |
| Götusmiðjan | 22 | 32,4 | 24 | 30,8 |
| Langtímameðferð | 19 | 27,9 | 18 | 23,1 |
| **Samtals** | **68** | **100,0** | **78** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 25 | 36,8 | 34 | 43,6 |
| Nágrenni Reykjavíkur | 18 | 26,5 | 27 | 34,6 |
| Landsbyggð | 25 | 36,8 | 17 | 21,8 |
| **Samtals** | **68** | **100,0** | **78** | **100,0** |

## Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 30 | 44,1 | 40 | 51,3 |
| Stúlkur | 38 | 55,9 | 38 | 48,7 |
| **Samtals** | **68** | **100,0** | **78** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 6 mán 2008 | Fyrstu 6 mán 2009 |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 16,0 | 15,2 |

## Umsóknir um MST

**Alls bárust 28 umsóknir um MST fyrstu 6 mánuði ársins 2009.**

### Umsóknir eftir landsvæði

| **Landsvæði** | **Fyrstu 6 mán 2009** | |
|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 12 | 42,9 |
| Nágrenni Reykjavíkur | 16 | 57,1 |
| **Samtals** | **28** | **100,0** |

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

| **Kyn** | **Fyrstu 6 mán 2009** | |
|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 20 | 71,4 |
| Stúlkur | 8 | 28,6 |
| **Samtals** | **28** | **100,0** |

### Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

| **Meðalaldur barna** | **Fyrstu 6 mán 2009** |
|---|---|
| Meðalaldur barna | 14,3 |

# Umsóknir um fóstur

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 29 | 64,4 | 45 | 82,0 |
| Varanlegt | 6 | 13,3 | 2 | 3,6 |
| Styrkt | 10 | 22,2 | 8 | 14,5 |
| **Samtals** | **45** | **100,0** | **55** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 19 | 42,2 | 22 | 40,0 |
| Nágrenni Reykjavíkur | 13 | 28,9 | 14 | 25,5 |
| Landsbyggð | 13 | 28,9 | 19 | 34,5 |
| **Samtals** | **45** | **100,0** | **55** | **100,0** |

## Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán 2008 | | Fyrstu 6 mán 2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 26 | 57,8 | 31 | 56,4 |
| Stúlkur | 19 | 42,2 | 24 | 43,6 |
| **Samtals** | **45** | **100,0** | **55** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 6 mán 2008 | Fyrstu 6 mán 2009 |
|---|---|---|
| Tímabundið | 13,1 | 13,2 |
| Varanlegt | 9,8 | 16 |
| Styrkt | 15,2 | 11,5 |
| Samtals | 13,1 | 13,0 |

## Umsóknir um þýskt fóstur

Barnaverndarstofa er auk þess með samning við þýsku fyrirtækin Martiswerk eV Dorlar og Mut Zur Zukunft. Hvoru tveggja þessara fyrirtækja hafa heimild þýskra yfirvalda til að ráðstafa börnum í fóstur. Litið er á ráðstafanir þeirra sem fullt ígildi fósturráðstöfunar.

**Umsóknir um þýskt fóstur**

| **Þýskt fóstur** | **Fyrstu 6 mán 2008** | **Fyrstu 6 mán 2009** |
|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Fjöldi | 1 | 6 |

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| **Hvaðan koma umsóknir?** | **Fyrstu 6 mán 2008** | | **Fyrstu 6 mán 2009** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni | 13 | 52,0 | 15 | 47,0 |
| Vesturland | 2 | 8,0 | 6 | 19,0 |
| Vestfirðir | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Norðurland | 5 | 20,0 | 6 | 19,0 |
| Austurland | 1 | 4,0 | 1 | 3,0 |
| Suðurland | 3 | 12,0 | 2 | 6,0 |
| Reykjanes | 1 | 4,0 | 2 | 6,0 |
| Fólk búsett erlendis | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| **Samtals** | **25** | **100,0** | **32** | **100,0** |